



Deiliskipulag fyrir Seltún í Krýsuvík



GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI

dags. 17. 12. 2013



Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir

Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 575 5300

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og

í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.


Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1 Almennt	4
1.2 Forsendur úr gildandi aðalskipulagi og náttúruminjaskrá	5
1.3 Minjar	5
1.4 Staðhættir	6
1.5. Skipulagsgögn og kortagrunnar	6
2. SKILMÁLAR.....	7
2.1 Almennt um svæðin.....	7
2.2 Aðkoma, bílastæði og stígar	7
2.3 Þjónustumiðstöð	10
2.4 Frárennsli og veitur.....	10
2.5 Útsýnispallar og búnaður	10
3.0 Auglýsing og afgreiðsla	10
3.1 Auglýsingatími	10
3.2 Athugasemdir og afgreiðsla þeirra eftir auglýsingu	10
4. Umhverfisskýrsla	11
4.1 Samantekt umhverfismats	11
4.2 Aðferðir við umhverfismat	11
4.3 Umhverfismat áætlunar og valkostir.....	12
4.4 Niðurstaða umhverfismats	14
5. Heimildaskrá	14

1. INNGANGUR

1.1 Almennt

Krýsuvík hefur verið í eigu Hafnarfjarðar síðan 1941. Nýting náttúrugæða Krýsuvíkur hófst snemma en brennisteinn varð verslunarvara í Evrópu á 13. öld. Námurnar í Hverahvammi og Seltúni voru fremur litlar en möluðu engu að síður gull í fjárhirslur biskups í Niðarósi og seinna Danakonungs. Síðast var unninn brennisteinn í Krýsuvík á vegum skoskra aðila um 1880. Gufunni frá svæðinu fylgja ýmsar lofttegundir, t.d. brennisteinsvetni, en af því stafar hveralyktin sem svo margir þekkja.



Ferðamannastraumur til Krýsuvíkur hefur stórauðist á síðast liðnum árum og ljóst er að eitt aðalaðdráttaraflíð er hverasvæðið Seltún og í hugum margra ekki síðra en Geysissvæðið. Upplýsingar frá teljara Vegagerðarinnar og áætlunum landvarðar gefa til kynna að yfir 100 þúsund gestir hafi haft viðkomu í Seltúni s.l. sumar. Ljóst er að fyrirtæki sem þjóna skemmtiferðaskipum sækja staðinn og því er mikið um stórar rútur yfir sumartímann. Þá er svæðið mikilvægt útivistarsvæði fyrir landsmenn alla en þó helst íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Nauðsynleg uppbygging hefur átt sér stað á síðustu árum, bæði hvað varðar upplýsingaskilti og stígagerð en einnig hefur verið byggt upp þjónustu- og salernishús.

Þessi mikli ferðamannafjöldi og sú staðreynd að leir- og gufuhverir á svæðin eru stöðugt að breytast sbr. þegar stór leirhver myndaðist þegar Drottningarhola sprakk haustið 1999, kallar á mikið viðhald og umhirðu sbr. eftirfarandi myndir frá ágúst og október 1999.



Megin markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnumörkun um uppbyggingu og vernd svæðisins. Vera leiðbeinandi um umhirðu og viðhald þess.

Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er rúmir 13 ha.

1.2 Forsendur úr gildandi aðalskipulagi og náttúruminjaskrá

Í Aðalskipulagi Krýsuvíkur 2005-2025 sem er hluti af aðalskipulagi Hafnarfjarðar er Seltún (0,2 ha) skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði sem gæti rúmað þjónustuhús, bílastæði og útivistarsvæðið. Svæðið er jafnframt skilgreint sem áningarstaður ferðamanna við hverasvæðið í Seltúni. Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi Krýsuvíkur og því var ekki þörf á að fara í gerð lýsingar en gerð var matslýsing.

Krýsuvíkurland er allt innan Reykjanesfólkvangs sem friðlýstur var sem fólkvangur árið 1975. Sveitarfélögin sem standa að honum eru Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Grindavík og Reykjanesbær.

Mikið er um jarðhitasvæði og margskonar náttúruminjar innan fólkvangsins. Eldfjöll eru mörg, einkum lágur hraundyngjur og gossprungur. Móbergs- fjöll og stapar í óteljandi myndum er einkennandi fyrir landslag á svæðinu.

Um fólkvanginn gilda eftirtaldar reglur:

„Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga. Á skógræktargirðingu skulu einungis vera stigar.

Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Náttúruverndar ríkisins] komi til. Undanskilin er hagnýting jarðhita, t.d. í Krýsuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971. Jafnframt verði ekki haggð þar edlilegri nýtingu til búrekstrar, réttur til beitar er ekki skertur innan fólkvangsins og áskilinn er í Krýsuvík réttur til starfsemi í almannapágu (svo sem heilsuhæli, skólar, gistihús o. þ. u. l.). Skipulegur námurekstur, sem rekinn er innan fólkvangsins þegar auglýsing þessi verður birt í Stjórnartíðindum, má þó haldast, enda sé umgengni í samræmi við 18. gr. laga nr. 47/197“

Í aðalskipulagi Krýsuvíkur 2005-2025 er Seltún hverfisverndað vegna náttúruminja. Hverfisverndarákvæði er að mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og því eru engar framkvæmdir leyfðar sem spilla jarðmyndum, gróðri og fuglalífi.


1.3 Minjar

Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar um fornleifar og umhverfi í Krýsuvík er skilgreind fornleif við afleggjarann að Seltúni, þar segir; „*Rústir, trúlega sel*“.

Í fornleifaskráningu Agnesar Stefánsdóttur fyrir Krýsuvík-Trölladyngju segir um Seltún; „*Í Seltúni eru Seltúnshverir. Seltúnslækur skiptir Seltúni, á vesturbakka hans stóð Námahúsið samkvæmt örnefnaskrá, um 1920 var það notað sem fjárhús og stóð Seltúnsfjarrétt þar við. Í brekkunni vestan við Seltúnsgil voru brennisteinsnámurnar.*

Ari Gíslason segir í örnefnaskrá sinni að framan við Seltúnið séu Brennisteinshúsarústir á Seltúnshverinu sunnan gilsins. “Þar höfðu enskir menn brennisteinstöku á 19. öld.” Mikið er búið að róta þessu svæði. Brennisteinshúsin hafa að öllum líkindum staðið þar sem nú er bílastæði og aðstaða fyrir ferðamenn. Hægt er að sjá nokkurn veginn staðsetningu þeirra á mynd sem Daniel Bruun tók af hverasvæðinu í kringum aldamótin 1900. Stígar hafa verið gerðir í gegnum og kringum hverasvæðið og á fyrri hluta 20. aldar voru boraðar borholur á svæðinu (nr. 865 og 868). Enn má þó sjá leifar brennisteinsnámunnar sjálfar (nr. 867) innst í gilinu. Einnig má sjá leifar hleðsla og grjótagarða sem virðast eiga að stýra rennsli lækjarins sem rennur niður eftir gilinu.

Verndunarforsendur: Ekki er mikið eftir af minjum eftir brennisteinsnám en þó má sjá námuna sjálfa inni í gilinu. Seltún er vinsæll ferðamannastaður vegna jarðhitans og hveranna og sjálfsagt að veita minjum um nýtingu jarðhita fyrir á öldum meiri athygli og kynna þær fyrir ferðamönnu“.



Jarðhitasvæði við Seltún, úr skýrslu Agnesar Stefánsdóttir; Fornleifaskrá fyrir Krýsuvík og Trölladyngju.

1.4 Staðhættir

Reykjanesfólkvangur er á miðju gosbeltinu sem liggur eftir Reykjanesskaga endilöngum. Eldvirkni innan gosbeltisins hefur verið einna mest í því sunnanverðu og eru þar nokkur háhitasvæði, en í þeim er hitastig yfir 200°C á minna en 1000 metra dýpi.

Á háhitasvæðinu við Seltún eru leir- og gufuhverir sem eru stöðugt að breytast. Stór leirhver myndaðist þegar Drottningarhola sprakk haustið 1999. Gufunni frá svæðinu fylgja ýmsar lofttegundir, t.d. brennisteinsvetni, en af því stafar hveralyktin sem svo margir þekkja.

Vegna áhrifa frá brennisteinssamböndum í hveragufunni er vatnið frá hverunum súrt og plöntur þrífast þar ekki. Talsverð brennisteinsútfelling getur verið við gufuhverina. Fyrr á öldum var brennisteinn fluttur úr landi og notaður til púðurgerðar.

1.5. Skipulagsgögn og kortagrunnar

Skipulagið er unnið á loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf og kortagrunn aðalskipulags Krýsuvíkur.

2. SKILMÁLAR

2.1 Almennt um svæðin

Megin markmið með tillögu deiliskipulags er að skilgreina aðkomu og gönguleiðir, áningastaði, þjónustusvæði og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild.

2.2 Aðkoma, bílastæði og stígar

Aðkoma að svæðinu er eftir Krýsuvíkurvegi (nr. 42), sem er tengivegur frá Hafnarfirði að Suðurstrandarvegi (nr 427).

Bílastæði eru í dag samtals 30 auk tveggja rústæða. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að endurbæta og nýta betur núverandi bílastæðasvæði þannig að innan þess verði 65 bílastæði auk 9 rústæða. Svæði utan deiliskipulagssvæðisins, austan Krýsuvíkurvegar hefur í seinni tíð verið nýtt sem biðstæði fyrir rútbíla og hjálpar mikið til þegar rútur með farþegar úr skemmtiferðarskipum koma í Seltúni.

Gönguleiðir

Almenn sjónarmið við uppbyggingu og frágang stíga er:

- o að tryggja sem best öryggi göngufólks
- o að sem minnst spjöll verði á gróðri og jarðmyndunum
- o að stígar fari vel í landi og verði aðstandendum til sóma
- o að notað verði efni á staðnum eftir því sem unnt er
- o að viðhald verði sem minnst.

Leggja skal áherslu á aðgengi fyrir alla, m.a. með því að stígar verði skilgreindir með þjöppuðu malarýfirborði og nægilega breiðir fyrir hjólastóla. Í bröttum hlíðum þarf víða að setja þrep og skábrautir sem eru mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað. Um er að ræða timburþrep eða stök steinþrep til að styðja við jarðveg, eða hlaðin steinþrep í tröppustíg. Skábrautir skulu vera út timbri.

Við gerð göngustíga á svæðinu skal nýta efsta jarðvegslagið í yfirborðsfrágang á öxlum. Það efni sem nýtist ekki beint í axlir á staðnum skal nota í fyllingar á lægðum og dældum undir malarfyllingar undir stíga og í lengri fláa. Við uppgræðslu á svæðum sem hefur verið raskað skal sá með fræblöndum sem safnað skal af svæðinu.


Núverandi göngustígar liggja út frá bílastæðum og má skipta þeim í þrennt eftir uppbyggingu:



Timburstígar 1,2 - 3,0 m breiðir hafa verið lagðir við aðal innkomu á svæðið, yfir leirblandað hverasvæðið og tengjast útsýnispöllum á gönguleiðunum. Lagt er til að við endurgerð timburstíga verði gert ráð fyrir að þeir verði a.m.k. 2 m breiðir. Til greina kemur að við endurnýjun stíga verði efnisnotkun stálgataplötur og stál undirstöður til þess að minnka viðhald.

Malarstígar. Malarstíga 1,2 - 2,0 m breiðir skal vinna á eftirfarandi hátt: Tekið er upp að jafnaði 30 cm af jarðvegi og uppúrtektin síðan notað við frágang á öxlum. Taka skal efsta svörðurinn til hliðar og nota við lokafrágang. Allt efni uppúrtektar skal nýtt til aðlögunar á jöðrum. Malarstígar við núverandi timburstígar gætu orðið verið endurnýjaðir sem timbur- eða stálpötustígar án þess að breyta deiliskipulaginu.

Í bröttum hlíðum og þar sem þvera þarf lækjarsitur og gera þrep sem eru mismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað skal setja stök steinþrep til að styðja við jarðveg eða hlaða steinþrep í tröppustíg.



Kennisnið fyrir malargöngustíga

Stikaðar gönguleiðir liggja út frá svæðinu annars vegar yfir Sveifluhálsinn og hins vegar að Krýsuvík. Ketilstígur liggur upp frá Seltúni en flestar leiðir milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur lágu saman við Ketilinn þar sem Ketilsstígur tekur við. Stikuð gönguleið liggur einnig yfir Sveifluhálsinn um Hverfjall og þá er óstikuð gönguleið upp frá Seltúnsgili að Hatti. Gönguleið verði merktar með stikum sem standa um 50 sm upp úr landi og verði í jarðlitum. Mikilvægt er að endurfesta stikaðar reglulega.

Dæmi um útfærslur:



Við aðkomu inn á hverasvæðið er útsýnispallur (til hægri á myndinni) þar sem vel sést yfir svæðið. Það virðist hins vegar ekki duga til því víða má sjá fótspor sem liggja að hvernum þrátt fyrir aðvörunarskilti. Lagt er til að þar verði settur timburstígur þannig að ferðafólkið geti komist í návígi við hverinn með öruggari hætti.



Við Kísilhól sést yfir á svæðið sem brennisteinninn var fluttur eftir farvegum. Þar hefur útsýnisstaðurinn verið afmarkaður með grjótkanti en lagt er til að þar verði 60 cm há grjóthleðsla, sem tryggir betur að ekki sé gegnið að hverasvæðinu með tilheyrandi raski .



Á þremur stöðum þar sem eru grasbalar er lagt til að komið verði upp nestislautum með útivistarborðum.

Nestislautir. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjórum nýjum nestislautum (áningastöðum) þar sem komið verður fyrir útivistarborðum. Í öllum tilfellum er þetta grassvæði sem þarf að slétta og tengja við gönguleiðir með timburstígum

2.3 Þjónustumiðstöð



Á svæðinu eru fyrir tvær byggingar samtals 42 m² á 2000 m² lóð með nýtingarhlutfall 0,021. Í annari byggingunni eru tvö salerni og í hinu þjónustuhús Reykjanesfólkvangs og Hafnarfjarðarbæjar. Húsin eru byggð úr timbri á steypum undirstöðum og mænishæð allt að 3,63 m.

Leyfilegt er að byggja innan byggingarreits allt að 250 m² alhliða þjónustumiðstöð þannig að heildar nýtingarhlutfall verði að hámarki 0,13. Ný bygging skal taka tillit til þeirra sem þar eru fyrir.

Í því tilfalli að núverandi byggingar verði látnar víkja fyrir nýjum byggingum þá yrðu byggingarskilmálar þessir; Allt að 250 m² þjónustuhús með hámarks mænishæð 4 m og þakhalla á bilinu 0-45°. Við efnisval hússins skal nýta íslenskan efnivið þar sem unnt er. Lögð er áhersla á að þjónustuhúsið taki mið af umhverfinu og anda staðarins.

2.4 Frárennsli og veitur

Rotþró hefur verði komið fyrir í um 30m fjarlægð frá byggingunum. Gert er ráð fyrir endurnýjun rotþróar sem uppfyllir skilyrði í smræmi við sjálfbæra þróun. Frágangur, gerð rotþróa og frárennislanga verði gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogs er skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Safntankur/rotþró skal tæmd í samræmi við reglur Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs. Vatnslögn liggur meðfram vegi frá Sveinshúsi að þjónustuhúsi.

2.5 Útsýnispallar og búnaður

Útsýnispallar – Gert er ráð fyrir útsýnispöllum með upplýsingaskiltum

Upplýsingarskilti. Við bílastæði og á útsýnispöllum skal koma fyrir upplýsingaskiltum þar sem fram kemur staðsetning gönguleiðir á svæðinu og upplýsingar um náttúru og sögu. Ennfremur umgengisreglur og aðvörunarorð.

3.0 AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA

3.1 Auglýsingatími

Verður bætt við eftir auglýsingu.

3.2 Athugasemdir og afgreiðsla þeirra eftir auglýsingu

Verður bætt við eftir auglýsingu

4. UMHVERFISSKÝRSLA

4.1 Samantekt umhverfismats

Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglendi eru tilkynningar skyldar skv. lið c í 12. gr. 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er því háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Einn megin tilgangur deiliskipulags Seltúns er stefnumörkun um uppbyggingu og vernd svæðisins. Deiliskipulagið tekur tillit til umhverfisverndarsjónarmiða um að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi. Bætt aðstaða og stýring á umferð um svæðin bætir umgengni og kemur í veg fyrir skemmdir á gróðri og jarðmyndunum.

Markmið deiliskipulagsins er í samræmi við stefnu og meginmarkmið aðalskipulagi Krýsuvíkur um að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda og jafnframt að tryggja vernd þess sem er sérstakt í náttúrufari og sögu svæðisins s.s.

Tillagan er ekki talin hafa neikvæð áhrif á umhverfið. Tillagan hefur m.a. jákvæð áhrif á ferðamennsku og útivist þar sem aðgengi og öryggismál batna og aukinn fjöldi ferðamanna mun heimsækja svæði með aukinni þjónustu.

4.2 Aðferðir við umhverfismat

Við greiningu á þeim þáttum sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta eftirfarandi umhverfisþætti:

- Áhrif á landslag og sjónræna þætti.
- Áhrif á náttúrufar og náttúruverndarsvæði.
- Áhrif á minjar.
- Áhrif á útivist og ferðamennsku.

Við greiningu á einkenni og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem eru skilgreind í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg/óljós áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

Tafla 1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

Í töflu 2 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér. Í umhverfismatinu voru búnar til 7 matsspurningar út frá þessum viðmiðum.

Stefna	Umhverfisviðmið
Lög um umhverfismat áætlana. nr. 105/2006	1. gr. Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
Skipulagslög nr. 123/2010.	I. kafli, 1. Gr. mgr. 2 að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmari nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbærri þróun að leiðarljósi.
Aðalskipulag Krýsuvíkur 2005-2025	Seltún (0,2 ha) skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði sem gæti rúmað þjónustuhús, bílastæði og útivistarsvæðið. Svæðið er jafnframt skilgreint sem áningarstaður ferðamanna við hverasvæðið í Seltúni. Svæðið er hverfisverndað vegna náttúruminja. Hverfisverndarákvæði er að mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og því eru engar framkvæmdir leyfðar sem spilla jarðmyndum, gróðri og fuglalífi.
Umhverfis- og auðlindastefna fyrir Hafnarfjörð	Seltún eru talin hafa verulegt gildi fyrir ferðaþjónustu á SV landi og því þarf að taka tillit til þess við ákvarðanir um nýtingu jarðhitans.

Tafla 2. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar.



4.3 Umhverfismat áætlunar og valkostir

Umhverfismat áætlunar felst í því að spá fyrir um líklegar breytingar á umhverfinu við framfylgd skipulagstillögunnar með hliðsjón að markmiðum, umhverfisviðmiðum og umhverfisvísium. Í þessari umhverfisskýrslu er gerður samanburður við núllkost sem er samanburður við núverandi ástand þ.e. samanburður við núverandi aðstöðu á svæðinu.

UMHVERFISÁHRIF (jákvæð, óveruleg/óljós, neikvæð áhrif)				
	+	0	-	Skýringar og mótvægisáðgerðir
UMHVERFISÞÁTTUR	LANDSLAG OG SJÓN RÆN ÁHRIF			
Dregur deiliskipulagið úr neikvæðum umhverfisáhrifum á svæðinu?	+			Deiliskipulagið leggur áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfi með því að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og þannig stýra umferð þeirra um svæðið. Uppbygging og frágangur stíga eiga að vera þannig að þeir valdi sem minnstum spjöllum, notað verði efni af staðnum eftir því sem unnt er og að stígar fari vel í land og verði aðstandendum til sóma.
Gerir deiliskipulagið ráð fyrir að mannvirkjum sé haldið í lágmarki?		0		Deiliskipulagið leggur áherslu á að styrkja þá innviði sem þegar eru á svæðinu. Þó er gert ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð.
UMHVERFISÞÁTTUR	NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI			
Tryggir deiliskipulagið varðveislu náttúruverðmæta?	+			Eitt megin markmið deiliskipulagsins er stefnumótun um uppbyggingu og vernd svæðisins. Með því að styrkja þá innviði sem þegar eru á svæðinu og þannig forðast að ferðamenn raski öðrum hlutum svæðisins. Uppbygging og frágangur stíga eiga að vera þannig að sem minnst spjöll verða á gróðri og jarðmyndunum.
Kemur deiliskipulagið í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi?	+			Deiliskipulagið er leiðbeinandi um umhirðu og viðhald svæðisins. Stígar verða þannig gerðir að viðhald þeirra verði sem minnst og efni af staðnum verði nýtt til frágangs.
Gerir skipulagið ráð fyrir framkvæmdum sem spilla jarðmyndum, gróðri eða fuglalífi?		0		Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn. Byggingarreitir er skilgreindur þar sem núverandi byggingar eru á nokkuð röskuðu svæði. Lögð er áhersla á að við framkvæmdir verði litið til þess að spilla ekki jarðmyndum, gróðri og fuglalífi.
UMHVERFISÞÁTTUR	MINJAR			
Tryggir deiliskipulagið varðveislu menningarverðmæta?	+			Skráðar hafa verið minjar innan deiliskipulagssvæðisins. Deiliskipulagið leggur áherslu á að minjum sé ekki raskað frekar og þeim forðað frá raski.

UMHVERFISÞÁTTUR	ÚTIVIST OG FERÐAMENNSKA			
Tekur deiliskipulagið tillit til gildi svæðisins fyrir ferðapjónustuna?	+			Deiliskipulagið skilgreinir aðkomu og gönguleiðir, áningarstaði, þjónustusvæði til þess að bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild. Enn fremur er eitt að markmiðum deiliskipulagsins að tryggja öryggi ferðamanna innan svæðisins m.a. með stígagerð.

Tafla 3. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

4.4 Niðurstaða umhverfismats

Niðurstaða mats er að deiliskipulagið hefur jákvæð áhrif á, minjar og útivist og ferðamennsku. Áhrif á náttúrufer og náttúruverndarsvæði og landslag og sjónræn áhrif eru jákvæð eða óljós þar sem reynt verður að styrkja núverandi innviði á svæðinu og að byggja nýja þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn. Mikilvægt er að við framkvæmdir þjónustumiðstöðvar verði raski haldið í lágmarki.

5. HEIMILDASKRÁ

1. Agnes Stefánsdóttir 2008. Fornleifaskráning fyrir Krýsuvík-Trölladyngju
2. Bjarni F. Einarsson 1998, Krýsuvík, fornleifar og umhverfi.
3. Ferðamálastofa, Slysavarnarfélagið Landsbjörg og Umhverfisstofnun 2011. Öryggi á ferðamannastöðum. Stefna til 2015-drög.
4. Hafnarfjarðarbær 1999. Árpúsundaverkefni Hafnarfjarðar, Krýsuvík-samspil manns og náttúru.
5. Hafnarfjarðarbær 2006. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025, Krýsuvík.
6. Hafnarfjarðarbær 2012. Umhverfis- og auðlindastefna fyrir Hafnarfjörð, Skýrsla starfshóps umhverfis- og framkvæmdasviðs.
7. Hafnarfjarðarbær 2012. Umsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2012
8. Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is
9. Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
10. Lög um menningarminjar nr. 80/2012
11. Lög um náttúruvernd nr.44/1999.
12. Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
13. Skipulagslög nr. 123/2010.
14. Skipulagsreglugerð nr.nr. 90/2013
15. Skipulagsstofnun, 2010. Leiðbeiningarblað 11, Umhverfisskýrsla.